

Aðalfundur 2020

~ 18. febrúar ~



Fundargerð

Aðalfundur settur kl.19:35 í Virkjun, Ásbrú.

Mættir:

Steinþór Agnarsson, Árni Finnbogason, Magnús Kristinsson, Sverrir Gunnlaugsson, Gunnar M. Magnússon, Ágúst H. Borgþórsson, Gunnar H. Valdimarsson, Guðmundur Sigurðsson, Ólafur Magnússon, Albert Guidice, Stefán Sæmundsson, Jón V. Pétursson, Einar P. Einarsson, Ishmael, Emil Ö. Víðisson, Raggi, Hrafn Ásgeirsson, Egill, Guðni V. Sveinsson.

Sverrir gjaldkeri setti fundinn og því næst var Stefán Sæmundsson kosinn fundarstjóri.

Formaður flutti skýrslu stjórnar og gjaldkeri kynnti reikninga félagsins sem voru samþykktir eftir stuttar umræður. Stjórn lagði til óbreytt félagsgjöld og var það samþykkt.

Á þessum fundi átti að kjósa um formann og meðstjórnanda. Eftir áramót höfðu orðið nokkrar breytingar á skipun í stjórn. Gunnar hætti sem vallasstjóri og þar sem eitt ár var eftir af kjörtíma þá var Ágúst fengin til að leysa hann af. Steinþór gekk úr stjórn sem meðstjórnandi og Gunnar H. leysti hann af hólmi. Albert bauð sig fram í lausa stöðu meðstjórnanda og var það samþykkt. Engin bauð sig fram til formanns og féllst Magnús á að sinna því hlutverki áfram, var það samþykkt.

Engar lagabreytingar á dagskrá.

Stefán bar fram tillögu um að Gunnari yrði þökkuð vallasstjórnin í gegnum árin, hann skilar af sér góðu búi.

Undir önnur mál sagði bíladeildin frá árinu sem leið en það gekk heilt yfir nokkuð vel en miklir þurrkar plöguðu þá þar sem rykið olli leiðindum í keyrslu bílanna. Allir sammála um að sambúðin hefði gengið vel og báðir nytu góðs af. Rætt um að koma upp myndavél sem horfi í átt að bílasvæðinu og varpi því á netið.

Aðalfundi slitið kl. 20:10.

Sverrir Gunnlaugsson